

INNANBÆJAR KRÓNÍKA

3 tbl. 10. árg. Starfsmannafréttir Akureyrarbæjar

Desember

GLEÐILEG JÓL !

Ritstjórn Krónikunnar óskar starfsmönnum Akureyrarbæjar og öllum bæjarbúum gleðilegra jóla og farsældar á komandi ári með þökk fyrir árið sem er að líða.



HVER ER MAÐURINN?



Hver er stúlkan á myndinni?

Vísbinding: Hún er starfsmaður Akureyrarbæjar

Lesendur eru beðnir að senda rétt svar á netfangið

kronikan@akureyri.is.

Dregið verður úr réttum svörum og fær viðkomandi verðlaun frá Sundlaug Akureyrar.

Í síðustu Króniku birtist mynd af Samúel Jóhannssyni á skíðum og var það Brynja Björk Pálsdóttir sem kom með rétt svar og fær að launum verðlaun frá Sundlaug Akureyrar.



Útgefandi: Akureyrarbær

Ritstjóri: Hlynur F. Þormóðsson

Ritnefnd: Alma Rún Ólafsdóttir, Bergljót Jónasdóttir,

Hlynur F. Þormóðsson og Hjörleifur Hjálmarsson

Netfang: kronikan@akureyri.is



MATARTÍMI !

Ég var beðinn um að hafa eitthvað tengt jólinum í þessari útgáfu Krónikunnar og því ætla ég að segja frá þeim danska sið að hafa önd í jólamatinum. Á aðfangadagskvöld elda ég einungis bringurnar og þá fellur til töluvert af öðru góðu hráefni af öndinni. Í kjölfarið nýti ég tækifærið og geri svokallað *andarillette*.



Hólmkell Hreinsson
Amtsbókavörður

Þegar búið er að fjarlægja bringur, læri og vængi af öndinni er öll tilfallandi fita og það sem eftir stendur af fuglinum sett í pott og látið bráðna við vægan hita. En fitunni í kringum stélið er sleppt. Töluvert magn af fitu kemur af einni önd og er einhver sú besta til steikingar. Þá eru lærin og vængirnir krydduð með salti, pipar, hvítlauk, timían og lárvíðarlaufi. Ekki er verra að láta nokkra dropa af koníaki fylgja með. Gott er að láta standa í lokuðu íláti yfir nótt.

Lærin og vængirnir eru sett í passlegt eldfast mót og andafeitinni síðan hellt yfir og er mikilvægt að það fljóti yfir kjötið. Síðan er þetta bakað í ofni við 150°C í u.þ.b. þrjá klukkutíma eða þar til kjötið er alveg laust frá beinunum. Þá er komið svokallað *andaconfit*. En *andarillette* er markmiðið og við höldum því áfram. Fitan er síuð frá og kjötið hreinsað af beinunum, sem og hamurinn.

Þegar kjötið er orðið kalt er það „tætt“ og kryddað, t.d. með salti og pipar, ferskri steinselju og hvítlauk eða bara því sem hæfir hverjum smekk og sett í form – ekki ósvipuð aðferð og við gerð sviðasultu. Þá er pressað vel, fitunni síðan hellt yfir og sett í kæli. Mér finnst orðið ómissandi að eiga þetta í ísskápnunum yfir jólin og narta í, eins og hangikjöt og laufabrauð. Afganginn af andafitunni er gott að eiga til steikingar, t.d. á kartöflum með andabringunum eða öðru sem andabragð passar við.



Gleðileg jól og verði ykkur að góðu.

Hólmkell skorar á **Albertínu Friðbjörgu Elíasdóttur** atvinnumála-fulltrúa að koma með uppskrift í næsta tölublað.

GOTT AÐ VITA

ÁRSHÁTÍÐ AKUREYRARBÆJAR 2016



Árshátíð starfsmanna Akureyrarbæjar fer fram laugardaginn 12. mars 2016 í Þróttahöllinni.

Framkvæmdadeild Akureyrarbæjar og deildir sem heyra undir hana sjá um skipulagninguna að þessu sinni og verður þemað „Casino“ sem sannarlega býður upp

á marga möguleika. Veislustjóri kvöldsins verður hin geðþekki útvarpsmaður og uppistandari Sólmundur Hólm.

Starfsfólk bæjarins er hvatt til að taka daginn frá fyrir þessa frábæru skemmtun sem er í vændum. Fljótlega má búast við tilkynningu frá skipuleggjendum um önnur grundvallaratriði sem lúta að árshátíðinni.

Sjáumst öll hress!

Útborganir í lok desember og byrjun janúar

Miðvikudagur 30. desember 2015

Í þessari útborgun verða greidd mánaðarlaun vegna desember til þeirra sem eru á eftir á greiddum mánaðarlaunum.

Einnig verður greidd yfirvinna og álag fyrir tímabilið 14. nóvember - 13. desember til allra sem eiga að fá greidda yfirvinnu og álag fyrir umrætt tímabil, þ.e. gildir bæði um fyrirfram- og eftir á greidd laun.

Mánudagur 4. janúar 2016

Greidd verða mánaðarlaun vegna janúar 2016 til þeirra sem eru á fyrirfram greiddum mánaðarlaunum.

Laun verða greidd samkvæmt nýjum kjarasamningum í áður-nefndum útborgunum.

Föstudaginn 15. janúar 2016 verður afturvirk leiðrétting frá gildistíma kjarasamninga greidd út í aukaútborgun og mun hún fylgja tekjuári 2015.

PLÖTUSKÁPURINN

Þórhildur Gísladóttir sem sér um daglegan rekstur Upplýsingamiðstöðvar ferðamanna á Akureyri tekur plötuskápurinn í gegn í þessari jólaútgáfu Krónikunnar. Þórhildur er menntaður félagsfræðingur og hefur unnið hjá Upplýsingamiðstöðinni síðan 2012.



Fyrsta platan sem þú keyptir? *Stjórnin* með Stjórninni sem ég keypti í Bókval á sínum tíma.

Besta plata sem þú átt? Fer eftir skapi en *Sea Change* með Beck dettur aldrei úr tísku.



Lélegasta plata sem þú átt? *Pan Pipes* plata sem fylgdi tónlistarblaði sem ég keypti og inniheldur útgáfur af frægum slögurum. Algjör hörmung.

Mest spilaða platan þín? Fyrstu tvær plöturnar með Whitney Houston. *I Wanna Dance with Somebody* fer mjög reglulega á fóninn, hvort sem verið er að þrifa eða dansa og allt þar á milli.

Uppáhalds jólaplatan? *Gleði og friðarjól* með Pálma Gunnarssyni. Mamma og pabbi áttu kassettuna og þetta er platan sem kemur mér í jólaslap.

Besta jólagagið? *Þú komst með jólin til mín* með Bó og Ruth Reginalds er í sérstöku uppáhaldi og svo er *Last Christmas* með Wham klassískt. Eitt af bestu lögnum er aftur á móti *River* með Joni Mithcell og svo er ég veik fyrir *Það snjóar* með Sigurði Guðmundssyni. Þau eru bæði í sorglegri kantinum en ofboðslega falleg.

Flottasta umslagið? Heimatilbúið umslag með mynd af hverfinu sem ég bjó í sem skiptinemi í Svíþjóð. Platan sem fylgdi var með þeim lögum sem við vinirnir hlustuðum mest á það árið. Besta kveðjugjöf sem hægt var að hugsa sér og ég geymi umslagið á góðum stað.

Ljótasta umslagið? Án efa *Reif í kröppinn!*

Skrítnasta plata sem þú átt? *Seriously Cool Driving Music* þar sem þáttastjórnendur Top Gear sáu um lagavalið.

Vínýll, geisladiskur, i-pod eða síminn Mest síminn því ég er lítið heima. Það er samt á stefnuskránni að kaupa plötuspílara.

HIN HLIÐIN

Hlynur Már Erlingsson sýnir á sér *Hina hliðina* í jólaútgáfu Krónikunnar. Hlynur er forstöðumaður stoðþjónustu sem er hluti af heimaþjónustu Akureyrarbæjar. Verkefni eru af ýmsu tagi s.s. að sinna ráðgjafahlutverki á heimilum fólks. Hlynur er menntaður sálfræðingur frá Kaupmannahafnarháskóla og hefur starfað hjá Akureyrarbæ síðan 2006.



Hvað er skemmtilegast við starfið þitt? Starfið er mjög fjölbreytt, verkefni krefjandi og svo er ég svo heppinn að vinna með dásamlegu fólki sem hjálpar mér mikið.

Fjölskylduhagur? Giftur Guðrúnu Berglindi Bessadóttur og á með henni þrjú börn, Bessa Gunnar 12 ára, Kristínu Emmu 7 ára og Atla Hrafn 3ja ára.

Áhugamál? Ég hef mikinn áhuga á íslenskum sóló „artistum“. Gott kvöld hjá mér er þegar ég hendi mér upp í sófa og set Borko eða Ívar Bjarklind á fóninn.

Hvaða bók lastu síðast? *Stundarfró* eftir Orra Harðarson. Orri er minn uppáhaldshöfundur síðan ég las *Alka-samfélagið* um árið. *Stundarfró* fjallar um Arinbjörn og Dísu sem fá sér einn stuttan eftir gott Sjallaball. Þarf að segja meira?

Hvaða bíómynd sástu síðast? *Þegar Trölli stal jólinum* sem ég horfði á með dóttur minni. Falleg jólamynd sem fær hörðustu menn til að fella tár.

Leyndir jólahæfileikar? Er mjög góður í að þaka smákökur og borða þær jafnóðum. Árlegt hlutverk mitt á jólinum er að þrifa ísskápinn og er ég mjög góður í því.

Uppáhalds jólamatur? Londonlamb með brúnuðum kartöflum, waldorf salati, sveppasósu og laufabrauði.

Hvað finnst þér skemmtilegast við jólin? Ljósinn, bjórinn, fríið, friðurinn, maturinn, fjölskyldan, vinirnir og Stebbi Hilmars.

Besta jóla bíómyndin? Ég held að *Christmas Vacation* verði fyrir valinu þetta árið. Aðstæðurnar sem fjölskyldu-faðirinn Clark Griswold lendir í eru um margt líkar mínum um jólin.